Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 24. mars 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 15. apríl 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Árvalla á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags Árvalla er breytt, vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar, þannig að skipulagsmörk sem snúa að vesturlandsvegi færast í átt að Esjunni um 8-13 metra. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### *Kjalarnes, Hof.*

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 24. mars 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 15. apríl 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Esjuhofs á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags Esjuhofs hliðrast um 2-3 m til austurs, vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### *Kjalarnes, Saltvík.*

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 24. mars 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 15. apríl 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Saltvíkur á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags Saltvíkur er breytt, vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar, vegna breyttrar legu á nýjum stíg í tengslum við ný undirgögn undir Vesturlandsveg. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### *Kjalarnes, Vallá.*

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 24. mars 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 15. apríl 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vallár á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að afmörkun vesturhluta

deiliskipulags Vallá er færð vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### *Kjalarnes, Skrauthólar.*

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 24. mars 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 15. apríl 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Skrauthóla á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags Skrauthóla er færð til austurs um nokkra metra, vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar, auk þess að stofnstíg er bætt við. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### *Kjalarnes, Sætún 1.*

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 24. mars 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 15. apríl 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Sætúns 1 á Kjalarnesi. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags Sætúns 1 er breytt, vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar, þannig að skipulagsmörk sem snúa að Vesturlandsvegi færast í lóðarmörk milli svæðis F annars vegar og hins vegar svæða A og B. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### *Kollagrund 2, Klébergsskóli.*

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 24. mars 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 15. apríl 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðar Klébergsskóla á Kjalarnesi, Kollagrund 2. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulags Klébergsskóla er breytt, vegna breytingar á deiliskipulagi Vesturlandsvegar, þannig að skipulagsmörk sem snúa að vesturlandsvegi færast í átt að skólanum um u.þ.b. 5 metra. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### *Þverholt 13.*

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 7. apríl 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 15. apríl 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Einholts-Þverholts vegna lóðarinnar nr. 13 við Þverholt. Í breytingunni felst að heimilt verði að reisa sex hæða íbúðarhús á lóðinni, með að hámarki 38 íbúðum, þar sem 5. og 6. hæð eru inndregnar. Í bílgeymslu verða 25 bílastæði, en ekið verður í bílgeymslu nyrst á lóðinni. Lóð austan við hús verður í samræmi við lóð á reit E og innan lóðar verður tenging frá lóð að Þverholti ásamt því að tenging milli baklóða reits E og Þverholts 13 verður tekin upp á ný á lóð Þverholts 13. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8.20-16.15 frá 5. maí 2021 til og með 22. júní 2021. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is), skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is), eigi síðar en 22. júní 2021. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Reykjavík, 5. maí 2021.

**Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur.**

(2021009561)



Útgáfud.: 6. maí 2021

**Auglýsing um skipulag - Grindavík**

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar samþykkti þann 24. apríl 2021 að auglýsa aftur tillögu að breytingu á deiliskipulagi Víðihlíðar skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið er austan við Hjúkrunarheimilið í Víðihlíð. Deiliskipulagstillagan felur í sér nýja afmörkun byggingarreita fyrir íbúðir og félagsheimili. Einnig er gerð grein fyrir útisvæði, aðkomu og bílastæðum. Breytingar frá áður auglýstri deiliskipulagstillögu eru:

- Að bygging sem fyrirhugað er að hýsi félagsaðstöðu eldri borgara í Grindavík verði gerð að tveggja hæða byggingu en var ein hæð í auglýstri tillögu.
- Að fjölbýlishús næst Víðihlíð merkt 1,2,3 og 4 hækki um eina hæð m.v. auglýsta tillögu að því gefnu að því fylgi bílakjallari.
- Að heimild verði fyrir bílageymslu undir grænu svæði milli lóða 1 og 4.
- Að bílastæðum verði bætt við á uppdrátt austan við hús nr. 3.

Tillagan er aðgengileg á heimasíðu Grindavíkurbæjar, [www.grindavik.is](http://www.grindavik.is), og hún liggur frammi á bæjarskrifstofum frá og með 6. maí 2021 til og með 17. júní 2021. Athugasemdum eða ábendingum við kynnta tillögu skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa, Víkurbraut 62, 240 Grindavík eða með tölvupósti á [atligeir@grindavik.is](mailto:atligeir@grindavik.is) í síðasta lagi 17. júní 2021.

**Atli Geir Júlíusson,**

Skipulagsfulltrúi Grindavíkurbæjar.

( 2021009786

Útgáfud.: 7. maí 2021

**Auglýsing um skipulag - Hafnarfjörður**

Á fundi bæjarstjórnar þann 24. apríl. 2021 var samþykkt að endurauglýsa breytingar á deiliskipulagi Haukasvæðis við Ásvelli 1 í Hafnarfirði í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um er að ræða breytingar á áður auglýstri tillögu frá 11. nóvember -23. desember 2019. Jafnframt er umhverfisskýrsla auglýst.

Í auglýstri tillögu frá 2019 er: skilgreind ný lóð undir íbúðabyggð vestan megin við íþróttamiðstöð. Gert er ráð fyrir 100 – 110 íbúðum eða um 10.000m<sup>2</sup> byggingarmagni á lóðinni. Hæð húsa verði 2 – 5 hæðir. Bílakjallari verði undir byggingunum fyrir 90 bílastæði og ofanjarðar verður gert ráð fyrir 60 bílastæðum.

Fjölnota knattús sem fyrirhugað var að byggja sunnan við gervigrasvöll verður nú staðsett nyrst á lóðinni. Hæð þess verður 25m yfir miðju vallar en 12m í hliðum. Grunnflötur byggingarreits er 13.050m<sup>2</sup> og verður stærð húss 9.900m<sup>2</sup> nettó. Samtengt knattúsinu verður 900m<sup>2</sup> þjónustubygging innan sama byggingarreits. Mænishæð þjónustubyggingar verður 5m. Gert er ráð fyrir um 230 nýjum bílastæðum

vestan og norðan megin við knattús. Að öðru leyti gilda eldri skimálar deiliskipulagsins.

Þær breytingar sem gerðar eru á áður auglýstu deiliskipulagi eru eftirfarandi:

- Mörk friðlands Ástjarnar færð inn á uppdrátt
- Byggingareit fjölnota knattúss breytt
- Byggingarreitir íbúðahúsa skýrðir og byggingareit kjallara bætt inn
- Stærðartöflu bætt inn
- Greinagerð lagfærð
- Viðbótar skýringamynd bætt inn á skýringaruppdrátt
- Aðkoma bíla að knattúsi lagfærð
- Lóðamörk svæðisins skilgreind
- Æfingavelli miðsvæðis snúið
- Staðsetning fornleifa leiðrétt
- Borholur færðar inn
- Stígar innan lóðar lagfærðir
- Umfang varðveittra hraungarða aukið.

Tillögurnar verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar Strandgötu 6 og hjá Umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhelli 2, frá 7. maí - 21. júní 2021. Hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna og umhverfisskýrslu á [hafnarfjordur.is](http://hafnarfjordur.is) undir íbúar/skipulag í kynningu.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögunar eigi síðar en 21. júní 2021. Skal þeim skilað skriflega á netfangið: [skipulag@hafnarfjordur.is](mailto:skipulag@hafnarfjordur.is). eða á Hafnarfjarðarkaupstaður, bt. umhverfis- og skipulagssviðs, Strandgötu 6, 220 Hafnarfjörður.

Umhverfis- og skipulagssvið Hafnarfjarðar.

**Skipulagsfulltrúi.**

( 2021009787

Útgáfud.: 7. maí 2021

**Leiðrétt auglýsing um skipulag - Sveitarfélagið Hornafjörður**

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar auglýsir tillögu að deiliskipulagi fyrir Stekkaklett. Auglýsingin er leiðrétting á auglýsingu dags. 20. apríl 2021 þar sem loka dagsetningar eru leiðréttar í stað 1. maí kemur 1. júní.

Markmið með gerð deiliskipulagsins er að framfylgja markmiðum aðalskipulags um eflingu byggðar, styrkja og auka fjölbreytileika atvinnu og menningarlífs í sveitarfélaginu. Gera listsköpun sýnilega, styrkja og efla menningu, sköpun og tjáskipti og hlúa að menningararfi

samfélagsins. Búa starfsemi á staðnum fastan ramma í samræmi við áætlanir og markmið sem fram koma í tillögu um nýtingu á Stekkakletti. Bæjarstjórn samþykkti að vísa deiliskipulagstillögunni í lögformlegt ferli skv. skv. 40. og 41. gr. skipulagslaga. Allar meginforsendur deiliskipulagsins liggja fyrir í aðalskipulagi og því er fallið frá kröfu um lýsingu.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofum að Hafnarbraut 27 frá og með 20. apríl nk. til 1. júní 2021.

Tillagan er einnig til sýnis á heimasíðu sveitarfélagsins hornafjordur.is undir skipulag í kynningu.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna til 1. júní 2021. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofu Hornafjarðar, Hafnarbraut 27 eða á skipulag@hornafjordur.is.

**Brynja Dögg Ingólfssdóttir** umhverfis- og skipulagsstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

(2021009789)

Útgáfud.: 7. maí 2021

## Auglýsing um skipulag - Garðabær

*Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 og breyting á deiliskipulagi Hraunsholts vestra (Ásahverfi) vegna Brekkuás.*

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 36. gr. og breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra (Ásahverfi) samkvæmt 1. mgr. 31. gr., sbr. 1. mgr. 43. gr. og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030, breyting, Brekkuás.*

Tillagan gerir ráð fyrir því að landnotkunareitur 2.06 S Brekkuás breytist í 2.06 Ib sem er breyting úr svæði fyrir samfélagsþjónustu í svæði fyrir íbúðarbyggð.

*Deiliskipulag Hraunsholts vestra (Ásahverfi), breyting, Brekkuás 2.*

Breytingin nær til lóðarinnar Brekkuás 2 sem breytist úr lóð fyrir samfélagsþjónustu í lóð fyrir íbúðarbyggð. Gert er ráð fyrir að á lóðinni verði búsetukjarni fyrir fatlað fólk og leiksvæði. Einnar hæðar fjölbýlishús með 6-7 íbúðum ásamt aðstöðu fyrir starfsfólk og ýmis sameiginleg rými. Á lóðinni skulu vera a.m.k. 11 bílastæði.

Tillagan er aðgengileg á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is, og í þjónustuveri Garðabæjar, Garðatorgi 7. Tillagan er í auglýsingu frá 7. maí 2021 til og með 18. júní 2021. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að senda inn skriflegar athugasemdir við breytingartillögunar til og með 18. júní 2021 annað hvort á netfangið skipulag@gardabaer.is eða á bæjarskrifstofu Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabær.

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri Garðabæjar.

(2021009790)

Útgáfud.: 7. maí 2021

## Auglýsing um skipulag - Kjósarhreppur

*Kjósarhreppur auglýsir skv. 41. gr. skipulagslaga nr.*

*123/2010. Deiliskipulag í landi Eyrarkots, Kjósarhreppi.*

Sveitarstjórn Kjósarhrepps samþykkt þann 5. maí 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu íbúabyggðar og nágrennis í landi Eyrarkots í Kjósarhreppi og telur að heimilt sé að falla frá gerð lýsingar skipulagsverkefnisins sbr. 3. mgr. 40. gr. Skipulagslaga, enda liggi allar meginforsendur deiliskipulagstillögunar fyrir í breyttu aðalskipulagi sem nú er í auglýsingu.

Deiliskipulag íbúðarbyggðar og nágrennis í landi Eyrarkots í Kjósarhreppi tekur til 20 ha svæðis. Innan svæðisins eru skilgreindar sex íbúðarlóðir, landbúnaðarsvæði þar sem stundað er æðavarp, lóð fyrir smábátahöfn og tvær verslunar- og þjónustulóðir, þ.e. fræðslu- og fuglaskoðunarskála. Uppbygging er hafin á einni íbúðarlóð, þ.e. Snorravík.

Skipulagsvæðið hallar til norðurs og er við Hvalfjörð.

Aðkoma að íbúðarlóðum er um veginn Blómsturvellir sem tengist Hvalfjarðarvegi (47). Aðkoma að verslun- og þjónustulóðunum verður um nýjan veg Hestapingshóll sem tengist Hvalfjarðarvegi (47). Skipulagsvæðið afmarkast í suðri af Hvalfjarðarvegi, í austri af Bolaklettavegi (4898), norðri af Hvalfirði og vestri af jarðamörkum Eyrar.

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis í anddyri hreppsskrifstofu Kjósarhrepps í Ásgarði frá og með 7. maí 2021 til 25. júní 2021. Tillögurnar verða jafnframt birtar á heimasíðu Kjósarhrepps, kjos.is.

Athugasemdir eða ábendingar vegna

deiliskipulagstillögunnar skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 25. júní 2021. Póstlagðar athugasemdir berist á skrifstofu Kjósarhrepps að Ásgarði Kjós, 276 Mosfellsbæ, eða með tölvupósti á netfangið skipulag@kjos.is.

Kjósarhreppur 6. maí 2021.

**Skipulags- og byggingarfulltrúi Kjósarhrepps.**

(2021009791)

Útgáfud.: 7. maí 2021

## Auglýsing um skipulag - Kjósarhreppur

*Kjósarhreppur auglýsir skv. 41. gr. skipulagslaga nr.*

*123/2010. Breyting á deiliskipulagi Hvamms og*

*Hvammsvíkur, Kjósarhreppi.*

Samþykkt var í sveitarstjórn Kjósarhrepps 5. maí 2021, að breyta deiliskipulaginu: "Hvammur og Hvammsvík", sem samþykkt var 28. ágúst 2000.

Breytingasvæðið nær yfir um 20 ha svæði í landi

Hvammsvíkur í Hvalfirði, Kjósarhreppi. Fyrirhugað er að skilgreina 30 fristundalóðir, en einnig eru gerðar minniháttar breytingar á gönguleiðum á svæðinu. Um er að ræða svæði fyrir fristundabyggð, en er í beinu framhaldi af núverandi og eldra svæði, en hugmyndin er að tengja uppbyggingu við aðra þjónustu á staðnum, t.d. í hlöðunni og við sjóböðin. Sveitarstjórn telur að heimilt hafi verið að falla frá gerð lýsingar skipulagsverkefnisins, sbr. 3. mgr. 40. gr.

skipulagslaga, enda liggi allar meginforsendur

deiliskipulagstillögunar fyrir í aðalskipulagi.  
Deiliskipulagstillagan verður til sýnis í anddyri hreppsskrifstofu Kjósarhrepps í Ásgarði frá og með 7. maí 2021 til 25. júní 2021. Tillögurnar verða jafnframt birtar á heimasíðu Kjósarhrepps, kjos.is.  
Athugasemdir eða ábendingar vegna deiliskipulagstillögunnar skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 25. júní 2021. Póstlagðar athugasemdir berist á skrifstofu Kjósarhrepps að Ásgarði Kjós, 276 Mosfellsbæ, eða með tölvupósti á netfangið skipulag@kjos.is.

Kjósarhreppi 6. maí 2021.

**Skipulags- og byggingarfulltrúi Kjósarhrepps.**

( 2021009793

Útgáfud.: 10. maí 2021

### Auglýsing um skipulag - Rangárþing eystra

*Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst tillaga að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024.*

*Ofanbyggðavegur á Hvolsvelli – Aðalskipulagsbreyting.*  
Fyrirhuguð er breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024. Meginmarkmið breytingarinnar er að skilgreina nýjan veg, hringtorg og undirgöng. Nýr ofanbyggðavegur mun tengja betur byggðina á Hvolsvelli við íþróttasvæðið ásamt því að hægja og létta á umferð um þjóðveg 1 í gegnum þéttbýlið og auka þannig umferðaröryggi.

*Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.*

*Ofanbyggðavegur á Hvolsvelli – Deiliskipulagstillaga.*  
Um er að ræða nýtt deiliskipulag af svokölluðum Ofanbyggðarvegi. Vegurinn mun liggja frá hringtorgi við Þjóðveg nr. 1, sem staðsett verður vestan við Hvolsvöll. Frá hringtorginu mun vegurinn liggja norður fyrir byggðina á Hvolsvelli og tengjast Nýbýlavegi.

Ofangreinda deiliskipulagstillögu ásamt tillögu að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024 er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, [www.hvolsvollur.is](http://www.hvolsvollur.is) og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 12. maí nk. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillöguna, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 23. júní nk. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra,  
**Guðmundur Úlfar Gíslason** skipulags- og byggingarfulltrúi.

( 2021009892

Útgáfud.: 11. maí 2021

### Auglýsing um skipulag - Kópavogsbær

*Dalþing 13. Breytt deiliskipulag.*

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti þann 13. apríl 2021 með tilvísan í 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi Dalþings 13. Í gildandi deiliskipulagi er á lóðinni gert ráð fyrir einbýlishúsi á tveimur hæðum, stakstæðum bílskúr og hesthúsi ásamt gerði. Í breytti tillögu felst að komið verði fyrir tveimur einbýlishúsum á einni hæð ásamt parhúsi á tveimur hæðum auk þess sem aðkoma að húsunum breytist með vegi og bílastæðum miðlægt á lóðinni. Parhúsin, Dalþing 13a og 13b, er áætlað 400 m<sup>2</sup> að flatarmáli á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr og fjórum bílastæðum á lóð. Einbýlishúsið, Dalþing 13c, er áætlað um 220 m<sup>2</sup> að flatarmáli á einni hæð með innbyggðum bílskúr og þremur bílastæðum á lóð. Einbýlishúsið, Dalþing 13d, er áætlað um 210 m<sup>2</sup> að flatarmáli á einni hæð með þremur bílastæðum á lóð. Lóðin er 3.349 m<sup>2</sup> að flatarmáli og verður nýtingarhlutfall eftir breytingu 0,25.

Tillaga að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar var áður auglýst í ágúst árið 2019. Ofangreind tillaga er breytt að því leiti að byggingarreitum fyrirhugaðra húsa hefur verið breytt og staðsetning þeirra endurskoðuð til að koma til móts við sjónarmið hagsmunaðila.

Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð og skýringarmyndum dags. 26. mars 2021. Nánar er vísað til kynningargagna.

Ofangreind tillaga er aðgengileg á heimasíðu bæjarins, [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is). Ef óskað er eftir nánari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda fyrirspurn á starfsfólk skipulagsdeildar á netfangið [skipulags@kopavogur.is](mailto:skipulags@kopavogur.is). Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulagsdeildar, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið [skipulag@kopavogur.is](mailto:skipulag@kopavogur.is) eigi síðar en kl. 15.00 föstudaginn 25. júní 2021.

**Skipulagsfulltrúinn í Kópavogi.**

( 2021009913

Útgáfud.: 12. maí 2021

### Auglýsing um skipulag - Sveitarfélagið Árborg

*Samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt eftirfarandi tillaga að breytingu á aðalskipulagi Árborgar:*

*Nauthagi - Aðalskipulagsbreyting.*

Breytingin tekur til svæðis sem skilgreint er sem almennt útivistarsvæði í gildandi aðalskipulagi Ú2. Reiturinn er vestan við Nauthóla og er um 8.000 m<sup>2</sup> að stærð. Stofnuð verður stök 1.800 m<sup>2</sup> íbúðarlóð og mun reiturinn því minnka um tilsvandandi stærð og verða eftir breytingu um 6.200 m<sup>2</sup>. Á lóðinni er gert ráð fyrir um 700 m<sup>2</sup> byggingu með 6-8 íbúðum á einni hæð.



*Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:*

#### *Austurbyggð II - Deiliskipulag.*

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 28. apríl 2021 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Austurbyggð II, Selfossi. Megináhersla deiliskipulagsins er að afmarka lóðir og skilgreina byggingarreiti fyrir íbúðarbyggð og setja skilmála fyrir uppbyggingu innan svæðisins. Á skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir einbýlis-, par-, rað- og fjölbýlishúsalóðum.

#### *Hjalladæl og Túngata norðanverð, Eyrarbakka - Deiliskipulag.*

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 28. apríl 2021 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Hjalladæl og Túngötu norðanverða og á Eyrarbakka. Tillagan tekur til um 6 ha. svæðis. Skipulagið nær til núverandi húsa norðan Túngötu og gerir ráð fyrir framlengingu á Hjalladæl. Hún er lengd um 330 m til vesturs og um 140 m til austurs. Við það verða til 6 nýjar lóðir fyrir þriggja íbúða raðhús og 10 lóðir fyrir parhús, eða samtals 38 íbúðir. Skilgreindar eru lóðir og byggingarreitir á lóðum norðan Túngötu á milli lóða nr. 20 til 66 og gert grein fyrir byggingarmagni á þeim lóðum.

#### *Vöttur - Deiliskipulag.*

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 20. mars 2019 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Vött. Tillagan var áður auglýst með athugasemdafresti til 24. október 2019, en vegna tímafresta er hún hér auglýst að nýju. Tillagan tekur til landskikana Vöttur og Vöttur 2 sem staðsettir eru við Votmúlaveg. Einn byggingarreitur er á hvorum landskika. Innan byggingarreita er heimilt að byggja tveggja hæða íbúðarhús ásamt sambyggðri eða stakstæðri bílgeymslu. Heildarflatarmál íbúðarhúss og bílgeymslu má vera samanlagt 400 m<sup>2</sup>. Auk þess er heimilt að byggja allt að 100 m<sup>2</sup> gestahús og 60 m<sup>2</sup> gróðurhús. Á lóðinni Vöttur er heimild til byggingar landbúnaðarbyggingar allt að 1.800 m<sup>2</sup> og á lóðinni Vöttur II er heimild til byggingar landbúnaðarbyggingar allt að 300 m<sup>2</sup>.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni [www.arborg.is](http://www.arborg.is).

Aðalskipulagsbreyting, mál 1, er í kynningu frá 12. maí 2021 til og með 26. maí 2021 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 26. maí 2021.

Deiliskipulagstillögur, mál 2-4 eru auglýstar með athugasemdafresti frá 12. maí 2021 til og með 23. júní 2021. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar og er frestur til að skila inn athugasemdum til 23. júní 2021.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi eða netfangið [skipulag@arborg.is](mailto:skipulag@arborg.is).

**Anton Kári Halldórsson** skipulagsfulltrúi.

(2021009921)

Útgáfud.: 12. maí 2021

### **Auglýsing um skipulag - Vesturbyggð**

*Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að aðalskipulagi Vesturbyggðar 2018-2035.*

Bæjarstjórn Vesturbyggðar auglýsir hér með endurskoðað aðalskipulag Vesturbyggðar skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan verður verður til sýnis á bæjarskrifstofu Vesturbyggðar að Aðalstræti 75, Patreksfirði og hjá Skipulagsstofnun frá og með 12. maí til og með 24. júní 2021. Tillagan er einnig aðgengileg hér:

- Greinargerð.
- Forsendur og umhverfisskýrsla.
- Sveitarfélagsuppdráttur.
- Þéttbýlisuppdráttur-Patreksfjörður.
- Þéttbýlisuppdráttur Bíldudalur.
- Athugasemdir Skipulagsstofnunar.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til og með 24. júní 2021. Skila skal inn skriflegum athugasemdum á skrifstofu Vesturbyggðar við Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði eða á netfangið [vesturbyggd@vesturbyggd.is](mailto:vesturbyggd@vesturbyggd.is), merkt endurskoðun aðalskipulags.

*Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst skipulagslýsing að eftirfarandi á deiliskipulagi, Orlofsbyggðin Flókalundur.*

Auglýst er lýsing á deiliskipulagi Orlofsbyggðarinnar Flókalundur.

Innan skipulagssvæðisins eru alls fimmtán hús, þrettán þeirra eru orlofshús, eitt þjónustuhús fyrir sundlaug og loks þjónustuhús fyrir starfsemi orlofsbyggðarinnar.

Markmið deiliskipulagsins er að fjölga orlofshúsum á svæðinu um u.þ.b. 15 hús, ásamt því að gera ráð fyrir stækkun þjónustu- og sundlaugarhúsum.

Skipulagslýsingin liggur frammi á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 75, frá og með 12. maí til 12. júní 2021 og er einnig til sýnis á heimasíðu Vesturbyggðar, [www.vesturbyggd.is](http://www.vesturbyggd.is).

Ábendingum er hægt að koma til skila skriflega á skrifstofu Vesturbyggðar í ráðhúsinu eða á netfangið [vesturbyggd@vesturbyggd.is](mailto:vesturbyggd@vesturbyggd.is), merkt Flókalundur skipulagslýsing, fyrir 12. júní 2021.

### **Óskar Örn Gunnarsson**

skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar.

(2021009932)

Útgáfud.: 12. maí 2021

### **Auglýsing um skipulag - Akureyri**

*Drottningarbrautarreitur – Tillaga að deiliskipulagsbreytingu.* Bæjarstjórn Akureyrarbæjar auglýsir hér með skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að deiliskipulagsbreytingu. Fyrirhuguð er uppbygging syðst á svokölluðum Drottningarbrautarreit á svæði sem samkvæmt gildandi deiliskipulagi nær til lóðanna Hafnarstræti 80 og 82 og



Austurbrúar 10-12. Á þessu svæði var gert ráð fyrir byggingu hótels á lóð Hafnarstræti 80, íbúðarhúss á lóð Austurbrúar 10-12 auk þess sem afmarkaður var byggingarreitur fyrir viðbyggingu norðan við Hafnarstræti 82. Í breytingartillögunni er gert ráð fyrir að á svæðinu verði byggðar 60-70 íbúðir í húsum sem liggja að Austurbrú, íbúðahótel með 16-20 hótélíbúðum og verslun- og þjónustu á neðstu hæðinni við Hafnarstræti (lóð nr. 80) auk þess sem gert er ráð fyrir viðbyggingu sunnan við Hafnarstræti 82 en ekki norðan megin við húsið eins og í gildandi skipulagi. Þá er gata sem var á milli Hafnarstrætis 80 og Austurbrúar 10-12 felld niður og í staðinn verður þar gönguleið og garðar milli húsa. Einnig eru gerðar breytingar á bílastæðum við Hafnarstræti, staðsetningu einstefnu o.fl.

*Höfðahlíð 2 – Tillaga að deiliskipulagsbreytingu.* Bæjarstjórn Akureyrarbæjar auglýsir hér með skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að deiliskipulagsbreytingu. Tillagan gerir m.a. ráð fyrir því að heimilt verði að byggja 4 – 5 íbúða hús í stað tveggja íbúða húsa. Heimilt er samkvæmt gildandi skipulagi að fjarlægja núverandi hús.

Frestur til að gera athugasemdir við tillögunar rennur út kl. 16.00 miðvikudaginn 23. júní 2021. Athugasemdum er hægt að skila með tölvupósti (skipulagssvið@akureyri.is) þar sem nafn, kennitala og heimilisfang sendanda kemur fram eða skriflega til skipulagssviðs í Ráðhúsi Akureyrar, Geislagötu 9. Tillögunar eru birtar á heimasíðu bæjarins: [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is) – neðst á forsiðu undir: Auglýstar skipulagstillögur. Persónuupplýsingar sem fylgja athugasemdum við skipulag, s.s. kennitala, nafn og netfang eru aðeins nýttar í þeim tilgangi að vinna úr athugasemdum og auðkenna sendanda. Sjá nánar um meðferð persónuupplýsingar hjá Akureyrarbæ <https://www.akureyri.is/is/stjornkerfi/stjornsysla/personuverndarfulltrui>.

Athugasemdir teljast til opinberra gagna. Vakin er athygli á því að nöfn þeirra sem senda athugasemdir koma fram í fundargerðum skipulagsráðs sem eru birtar á heimasíðu Akureyrarbæjar.

12. maí 2021.

**Sviðsstjóri skipulagssviðs.**

(2021009933)

Útgáfud.: 30. apríl 2021

## Endurveiting löggildingar til endurskoðunarstarfa

Þann 23. apríl 2021 veitti endurskoðendaráð Hjalta Ástbjartssyni, kt. 081267-3169, að nýju löggildingu til endurskoðunarstarfa.

**Endurskoðendaráð,**

27. apríl 2021.

(2021009404)

Útgáfud.: 3. maí 2021

## Stefna - til viðurkenningar á eignarrétti

**Ólafur Ólafsson,**

**dómstjóri héraðsdóms Austurlands,**

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Hilmar Gunnlaugsson lögmaður hjá Sókn lögmannsstofu, fyrir hönd Ríkissjóðs Íslands, kl. 540269-6459, Vegmúla 3, 108 Reykjavík, að Ríkissjóður Íslands þurfi að höfða eignardómsmál fyrir héraðsdómi Austurlands, að fengnu leyfi til þess lögum samkvæmt, til þess að afla dóms um eignarrétt íslenska ríkisins (Ríkissjóðs Íslands) fyrir jörðinni Hjarðarból í Fljótsdalshreppi, landeignanúmer L156958 og fasteignanúmer F2173020.

*Dómkröfur:* Dómkröfur eru þær að stefnanda, Ríkissjóði Íslands, kt. 540269-6459, verði dæmdur eignarréttur á fasteigninni Hjarðarból, 701 Fljótsdalshreppi, fastanúmer 217-3020, landnúmer 156-958 og öllu því sem eigninni fylgir og fylgja ber. Gerð er krafa um málskostnað á hendur þeim sem að réttafarslögum kunna að gerast aðilar að máli þessu.

*Málflutningsumboð og fyrirvar:* Bjarni Benediktsson, kt. 260170-5549, fjármálaráðherra, fer með fyrirvar í máli þessu fyrir hönd stefnanda. Hilmar Gunnlaugsson, [hilmar@sokn.is](mailto:hilmar@sokn.is), lögmaður hjá Sókn lögmannsstofu, Fagradalsbraut 11, 700 Egilsstöðum fer með þetta mál fyrir hönd stefnanda.

*Málsatvik og málsástæður:* Jörðinni Hjarðarból var skipt úr landi jarðarinnar Brekku (1/2 Brekkujarðar) með samþykki Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á beiðni Þórarins Bjarnasonar um ábúð á þjóðjörðinni Brekku í Fljótsdalshreppi, með þeim hætti að honum verði byggð hálflenda jarðarinnar frá og með næstu fardögum, til lífstíðarábúðar eða erfðaleigu og að fram fari landskipti á jörðinni Brekku á milli hálfleðanna. Brekka var á þeim tíma í ríkiseign. Skriðuklaustur, í eigu kaþólsku kirkjunnar, hafði eignast Brekku árið 1513 ásamt hjáleigunni Brekkugerði og Brekkugerðishúsum, þ.e. hina upphaflegu Brekkutorfu frá Hengifossá og út að Marklæk innan við Geitagerði, neðan frá Lagarfljóti og inn á miðja Fljótsdalsheiði 34 hundraða land að fornu mati. Árið 1537 var lútherstrú lögleidd í Danmörku, sem leiddi til þess að konungar urðu æðstu yfirmenn kirkjunnar. Þann 2. september árið 1537 gaf Kristján 3. Danakonungur út lög um kirkjuskipan, sem finna má í Lovsamling for Island, I. bindi. Á bls. 43 kemur fram að reglurnar hafi tekið gildi í umdæmi Skálholtsbiskups árið 1541 og 1551 í umdæmi Hólabiskups. Í framhaldi af þessum lögum gaf konungur út tilskipun um eignaupptöku kaþólsku klaustranna á Íslandi og allra eigna þeirra, þmt. jarðeigna. Stefndandi byggir á því að jörðin hafi verið í konungseigu sem hafi verið ríkisvald og að með eflingu íslensks ríkisvalds, á síðari hluta 19. aldar og áfram á þeirri 20., hafi jarðeignir konungs á Íslandi orðið eign stefnanda.

Frá 16. öld var konungur/ríkið því eigandi Brekkutorfunnar. Í Jarðabók 1597, kemur fram að meðal jarðeigna Danakonungs þá voru taldar Skriðuklaustur, Brekka og Brekkugerðishús. Í Jarðabók 1698, er yfirlit yfir eignir Skriðuklausturseignar konungs, og þar eru m.a. tilgreindar Brekka, Brekkugerði og Brekkugerðishús. Í visitasíu frá 1677 kemur fram að Skriðuklaustur eigi þær eignir sem nefndar séu í fornum máldögum og visitasíu frá 1641, en síðan segir: ... *enn það Kirkiann hefur adur utann Sig átt er*

nu Komid under Kongs vallded undann andleggrj Inspection allt nema þad Kirkian a Innann sig ..., en þessi tilvísun er úr úrskurði óbyggðanefndar frá 29. maí 2007 í máli nr. 1/2005, Fljótsdalur og Jökuldalur austan Jökulsár á Jökuldal. Hafa þarf í huga að ekki voru gerðar neinar kröfur um að hluti Brekkutorfunnar væri þjóðlenda og komu þær því ekki með beinum hætti til umfjöllunar hjá óbyggðanefnd. Af því verður að gagnálykta að litið hafi verið svo á að um land háð einkaeignarrétti væri að ræða.

Í hinu merka riti, Fljótsdælu eftir Helga Hallgrímsson, sem kom út árið 2017, gefur að líta greinargott yfirlit yfir útskiptingu jarða úr heimajörðinni, Brekku, sjá bls. 174 - 188. Af þeirri umfjöllun verður eftirfarandi m.a. ráðið: Brekka var stórejörð utan við Hengifossá, en hennar var þó ekki getið í fornsögum. Mun elsta heimild um hana vera í fornbréfi frá 1492 þar sem getið er um skógarítak Brekku á Hallormsstað. Skriðuklaustur eignaðist jörðina 1513 með hjáleigum og síðan varð hún konungseign. Árið 1772 var heimajörðin lögð lækni í Austfirðingafjórðungi til frjálsrar brúkunar og varð hún læknissetur til 1844 og síðan aftur frá 1903 til 1944, er spítali sem þar var brann og ákveðið var að byggja nýjan læknisbústað á Egilsstöðum, sjá lög 58/1947 um Egilsstaðakauptún í Suður-Múlasýslu. Seint á 18. öld var Brekkugerði skilin frá heimajörðinni og var frá þeim tíma í ríkiseigu þar til núverandi ábúendur keyptu hana 1997. Brekkugerðishús (Hús) var upphaflega beitarhús frá Brekkugerði en var aðskilin þeirri jörð um 1925. Á þeim tíma voru báðar jarðarinnar hjáleigur frá Brekku sem var klaustursjörð og síðan kongs- eða ríkisjörð.

Sömu upplýsingar er að finna í ritinu Sveitir og jarðir í Múlaþingi, II. bindi frá 1975. Þar er landi jarðarinnar Hjarðarbóls lýst svo: *Jörðin á helming fyrri Brekkulands, fremri hluta. Mörk við Mela neðan þjóðveggar eru bein lína frá Jökulsá, miðuð við járnhæl í nesinu og fjóshorn á H; ofar ræður Hengifossá upp í heiði. Að utan eru Brekkumörk við þjóðveginn og Hólkná. Upprekstrarland er óskipt. Jörðin er ríkiseign, en ræktun, hús og girðingar (um 8 km) eign ábúanda.* Í sama riti kemur fram að Hjarðarbóli hafi upphaflega fylgt 1,5 ha af heimatúni á Brekku, sem síðar hafi verið skipt á því og spildu nær Hjarðarbóli. Má ætla að bréf landnámsstjóra til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins dags. 23. ágúst 1956 fjalli um þetta, þ.e. samkomulag á milli ábúenda Hjarðarbóls og Brekku um breytingu á landi jarðanna og húsakosti. Var eftirleiðis byggt á þessari skipan.

Að framan er getið samþykkis Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 21. mars 1947. Þórarinn fékk leyfi þann 28. desember 1950 til að taka upp nafnið Hjarðarból á nýbýli sitt og var leyfisbréfi Menntamálaráðherra þar um þinglýst þann 20. janúar 1951. Þann 28. janúar 1951 gaf umboðsmaður þjóðjarða í Fljótsdalshreppi, Sýslumaðurinn á Seyðisfirði út byggingarbréf um erfðaleiguabúð til handa Þóarni Bjarnasyni á Brekku, fyrir háflendu jarðarinnar Brekku, sem fengið hafði nafnið Hjarðarból. Byggingarbréf þetta var staðfest í Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu þann 14. mars 1951. Þórarinn fékk veðleyfi frá stefnanda vegna lántöku tryggða með veði í jörðinni Hjarðarból, í apríl 1951, og aftur að því er virðist 1959. Þórarinn og eiginkona hans, Ingibjörg, bjuggu á Hjarðarbóli til endadægrs, Ingibjörg lést 1990 og Þórarinn 1994. Sonur þeirra, Gunnar, tók við búinu 1994 og hefur verið þar einbúi síðan. Við

ábúendaskiptin var gerð úttektargerð dags. 1. maí 1995 af hreppsstjóra Fljótsdalshrepps ásamt fulltrúa jarðadeildar ríkisins, þar sem tilgreindar eru eignir ríkisins og fráfaranda á jörðinni. Gunnar ritaði þann 28. febrúar 2020 bréf til Ríkiseigna f.h. Ríkissjóðs Íslands og falaðist eftir því að ná samningum um uppsögn ábúðar gegn áframhaldandi eignarhaldi á mannvirkjum og gerð lóðarleigusamnings. Kemur þar skýrt fram vilji hans til að frændi hans fái rétt til að byggja jörðina og fylgdi með yfirlýsing þess manns, dagsett sama dag.

Árið 1997 hvarf jörðin Brekka í Fljótsdal úr ríkiseigu, er hún var seld af Ríkissjóði Íslands til núverandi eiganda hennar, Hallgríms Þórhallssonar. Frumskjal Brekku er sagt vera skjal nr. 161/1981, sem er búsetuleyfi til Lilju Hallgrímsdóttur vegna setu í óskiptu búi hennar og Þórhalls Jóhannssonar, sem andaðist 2. febrúar 1977 og byggir á þeirri staðreynd að jörðin hafi verið ríkisjörð og Þórhallur þar átt ábúðarrétt, Veðbandayfirlit vegna Brekku er meðal dómskjala.

Árið 1997 hvarf jörðin Brekkugerði í Fljótsdal úr ríkiseigu, er hún var seld af Ríkissjóði Íslands til núverandi eigenda, Jóhanns Frimanns Þórhallssonar og Sigrúnar Erlu Ólafsdóttur. Frumskjal Brekkugerðis er sagt vera skjal nr. 1025/1993, sem er leigusamningur við núverandi eigendur jarðarinnar, dags. 29. september 1993. Veðbandayfirlit vegna Brekkugerðis er meðal dómskjala.

Árið 2005 hvarf jörðin Hús - Brekkugerðishús í Fljótsdal úr ríkiseigu, er hún var seld af Ríkissjóði Íslands (jarðadeild landbúnaðarráðuneytisins) til þáverandi ábúanda jarðarinnar, Hákonar Aðalsteinssonar og eiginkonu hans, Sigrúnu Benediktsdóttur. Hákon og Sigrún seldu jörðina til Sveinbjörns Hjálmarssonar með kaupsamningi dagsettum í ágúst 2006 og 15. nóvember 2006 og afsali dags. 30. maí 2007. Sveinbjörn afsalaði jörðinni 10 dögum síðar til félagsins Múr-Smiðurinn ehf. og var tveimur síðastnefndum afsöllum þinglýst sama dag. Múr-Smiðurinn ehf. er með kennitöluna 600696-2469 og hefur í dag fengið nýtt nafn, Skáldahús ehf., sem enn er þinglesinn eigandi jarðarinnar.

Af framansögðu leiðir, að eignarheimild Ríkissjóðs Íslands á upphaflegri Brekkujörð og síðar þeim fjórum eignum sem urðu til úr heimajörðinni, þ.e. Brekka, F2172890; Brekkugerði, F2172902; Hús-Brekkugerðishús, F2172913; og Hjarðarból, F2173020, er ein og sú sama. Allar jarðirnar voru klaustursjarðir í eigu Skriðuklausturs er konungur eignaðist þær með eignaupptöku á 16. öld í framhaldi af siðaskiptum á Íslandi. Ríkissjóður Íslands hefur ekki selt jörðina Hjarðarból frá sér.

Í september 2019 óskaði umráðamaður eignarinnar, Ríkiseignir, eftir veðbókavottorði vegna eignarinnar, en fékk þau svör frá sýslumanninum á Austurlandi að eignin væri óstaðfest í þinglýsingarbókum þar sem engri eignarheimild hefði verið þinglýst og því væri ekki unnt að gefa út þinglýsingavottorð vegna eignarinnar. Kom sú afstaða sýslumannsembættisins mjög á óvart, enda eignin með sérstaka síðu í veðmálalabók, hún verið byggð tvívegis til ábúðar, úttekt framkvæmd, lán tekin út á hana og ríkissjóður í einu og öllu komið fram sem eigandi jarðarinnar án þess að eignarhaldið hafi nokkru sinni verið véfengt. Er í þessu samhengi vísað til veðmálalabókar sem sýnir að jörðin

Hjarðarból er þar tilgreind sem ríkisjörð úr landi Brekku og að á hana hafa verið þinglýstar kvaðir vegna lána, sölu fullvirðisréttar og samnings við Héraðsskóga um nytjaskógrækt. Virðist afstaða sýslumanns lúta að því að vefengja upphaflegt eignarhald konungsins og þannig ríkisins, sbr. framlögð tölvupóstsamskipti. Verður að telja að fullreynt sé að fá sýslumann til að staðfesta að eignarheimild sé ekki áfátt, sbr. ákvæði 1. og 2. mgr. 50. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Ætti þá hið sama að gilda um aðrar jarðir á Brekkutorfunni, en svo er ekki, sbr. hér áður. Án veðbókavottorðs er staðfestir eignarhald ríkisins á jörðinni er Ríkissjóði Íslands ómögulegt að ráðstafa jörðinni til ábúðar svo gilt sé.

Er Ríkissjóði Íslands því óhjákvæmilegt annað en að höfða mál til að fá eignarhald sitt á jörðinni staðfest, sbr. t.d. 3. mgr. 50. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978, svo unnt sé að tryggja með lögformlegum hætti áframhaldandi nýtingu jarðarinnar og eyða meintri óvissu um eignarhald hennar.

*Helstu lagatilvísanir:* Hvað lagarök varðar vísa stefnendur til gildandi reglna á hverjum tíma um yfirfærslu og stofnun eignaréttinda yfir fasteignum. Þá er byggt á meginreglum eigna- og samningaréttar. Stefnandi kveðst einnig vísa til 1. og 2. gr. laga nr. 46/1905 um hefð. Varðandi málalilbúnað og réttarfarir í máli þessu er vísað til ákvæða 1. og 2. mgr. 122. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og einnig til ákvæða 3. mgr. 80. gr. og c. liðar 1. mgr. 89 gr. sömu laga. Komi til með að reyna á málskostnaðarkröfu er vísað til 11. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu skv. 3. mgr. 121. gr. sbr. 2. mgr. 122. gr. laga nr. 91/1991.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu máls þessa kveðst stefnandi meðal annars leggja fram eftirfarandi gögn:

- Stefnu og Lögbirtingablað það sem stefnan birtist í.
- Skrá yfir framlögð skjöl.
- Ljósrit úr Jarðabók Jóhanns. Bockholts hirðstjóra Danakonungs, 1597.
- Ljósrit af yfirliti yfir eignir Skriðuklausturs 1698.
- Ljósrit úr Forordninger og aabne Breve, I. del, frá 1776.
- Ljósrit úr Lovsamling for Island, 1. bindi, 1096-1720 (1853).
- Ljósrit úr löggiltri Fasteignabók frá 1922.
- Ljósrit úr Landamerkjabókum Norður Múlasýslu.
- Ljósrit úr gjörðabók yfirfasteignamatsnefndar í Norður-Múlasýslu.
- Ljósrit úr gjörðabók fasteignamatsnefndar í Norður-Múlasýslu.
- Bréf Landnámsstjóra til Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 23. ágúst 1956.
- Útprentanir úr fasteignaskrá Þjóðskrár vegna Hjarðarbóls, Brekku, Brekkugerðis og Hús-Brekkugerðishús.
- Veðbandayfirlit og þinglýstar eignarheimildir vegna jarðanna Brekku, Brekkugerðis og Hús-Brekkugerðishúsa.
- Ljósrit úr veðmálalabók sýslumannsins vegna Hjarðarbóls ásamt veðskjöllum.
- Örnefnaskráningu Hjarðarbóls, skráð 1973 ásamt leiðréttingum og athugasemdum ábúanda.

- Byggingarbréf jarðarinnar Brekku frá 6. nóvember 1987.
- Ljósrit úr ritinu Sveitir og jarðir í Múlapingi (Búkolla).
- Gögn frá Óbyggðanefnd vegna máls 1/2005, Fljótsdalur og Jökuldalur austan Jökulsár á Jökuldal.
- Ljósrit úr Fljótdælu (2016).
- Lögbýlaskrá 31. desember 2019.
- Bréf ábúanda Hjarðarbóls dags. 28. febrúar 2020 ásamt fylgibréfi.

*Almennur áskilnaður:* Stefnendur kveðjast áskilja sér rétt til að leggja fram fleiri skjallæg sönnunargöng og leiða fram vitni og til að koma með frekari kröfur, málsástæður, mótmæli og lagarök á síðari stigum málsins, þ.á.m. við munnlegan flutning málsins, allt eftir framvindu málsins fyrir héraðsdómi.

*Varnarþing:* Eignardómsmál þetta er rekið fyrir héraðsdómi Austurlands samkvæmt 2. mgr. 120. gr. og 121. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. 2. mgr. 122. gr. laganna.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, sem kann að telja til réttar yfir jörðinni Hjarðarból, 701 Fljótsdalshreppi, F2173020, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Austurlands sem haldið verður í dómsal embættis að Lyngási 15, Egilsstöðum, fimmtudaginn 3. júní 2021 kl. 14.00, þegar mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinni yfir eigninni. Að öðrum kosti má búast við að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda um að hann sé réttur og löglegur eigandi ofangreindar eignar verði tekinn til greina.

Stefnufrestur kveðst einn mánuður.

Egilsstöðum, 24. apríl 2021.

**Ólafur Ólafsson** dómstjóri héraðsdóms Austurlands.

( 2021009542

Útgáfud.: 12. maí 2021

## Stefna - til ógildingar á veðtryggingarbréfi

Dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur,  
Barbara Björnsdóttir,  
*gjörir kunnugt:* Mér hefur tjáð Gunnar Ingi Jóhannsson hrl., MAGNA lögmönnum, Höfðabakka 9, Reykjavík, að hann þurfi f.h. Birgis Rúnars Benediktssonar, kt. 280781-3559, Gvendargeisla 21, 113 Reykjavík að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á neðangreindu tryggingarbréfi.

*1. Dómkröfur:* Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi tryggingabréf, útgefið í Reykjavík hinn 5. nóvember 2017 af stefnanda til handhafa, upphaflega að fjárhæð kr. 500.000, tryggt með 1. veðrétti og uppfærslurétti í torfæruhjól með skráningarnúmerið FR-H85, af gerðinni Honda CRF 450.

*2. Málsástæður og önnur atvik málsins:* Tryggingabréf það



sem mál þetta snýst um kveður stefnandi hafa verið gefið út 5. nóvember 2017 og móttekið til þinglýsingar 6. nóvember 2017 og innfært, hinn 13. nóvember 2017 með skjalanúmer 441-B-013902/2017. Tryggingabréfið hafi upphaflega verið að fjárhæð kr. 500.000 (*skrifað krónur fimmhundruðþúsundkrónur 00/100*), tryggt með 1. veðrétti og uppfærslurétti í torfæruhjól með skráningarnúmerið FR-H85, af gerðinni Honda CRF 450, útgefið af stefnanda til handhafa. Bréfinu hafi verið þinglýst á ökutækið þegar það var eign stefnanda en hann framseldi ökutækið Sverri Hannessyni, kt. 160278-4639, hinn 13. apríl 2021 og átti að afhenda ökutækið kvaða- og veðbandalaust.

Stefnandi kveður enga skuld standa að baki tryggingabréfinu en frumrit tryggingabréfsins hafi glatast og finnist ekki þrátt fyrir mikla eftirgrennslan. Sakir þess hafi ekki reynst unnt að aflétta veðböndum af greindu ökutæki eins og til stendur af hálfu stefnanda. Stefnanda sé því nauðsynlegt að fá ógildingardóm fyrir bréfinu, til þess að hann geti aflétt veðböndunum eins og hann eigi nú rétt til og í því skyni að uppfylla kaupsamning um kvaða- og veðbandalaust ökutæki.

3. *Lagarök*: Um lagarök vísar stefnandi til 120. og 121. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Um varnarþing vísast til 2. mgr. 120. gr. sömu laga.

4. *Sönnunargögn*: Við þingfestingu málsins kveðst stefnandi leggja fram eftirtalin gögn:

Frumrit ógildingarstefnu þessarar.

1. Skrá yfir framlögð skjöl.
2. Eintak af Lögbirtingarblaði því, sem stefnan birtist í.
3. Ljósrit af tryggingabréfi því sem krafist er ógildingar á, með innfærslustimpli í þinglýsingarbók sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu.
4. Veðbandayfirlit ökutækisins FRH85.

5. *Áskorun og fyrirkall*: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa frumrit framangreinds tryggingabréfs undir höndum eða telur til réttar yfir tryggingabréfinu að mæta á dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þriðjudaginn 15. júní 2021, kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sanna rétt sinn til tryggingabréfsins, þar sem ella má búast við því að það verði ógilt með dómi. Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 6. maí 2021.

**Barbara Björnsdóttir** dómstjóri.

( 2021009948

Útgáfud.: 30. apríl 2021

### Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum í dag, 29. apríl 2021, í máli nr. L-968/2021, var Krystyna Teresa Bem-Wolak, kt. 210564-4709, svipt fjárræði í sex mánuði frá deginum í dag að telja.

Hafnarfirði, 29. apríl 2021.

**Ingimundur Einarsson.**

( 2021009398

Útgáfud.: 3. maí 2021

### Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 30. apríl 2021 í máli L-967/2021 var Eðvarð Sigurjónsson, kt. 120788-3109, sviptur fjárræði í tvö ár frá uppkvaðningu úrskurðarins að telja.

Hafnarfirði, 30. apríl 2021.

**Jónas Jóhannsson.**

( 2021009545

Útgáfud.: 5. maí 2021

### Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 3. maí 2021 í máli L-2386/2021, var Þórólfur Hersir Vilhjálmsson, kt. 061088-2299, sviptur fjárræði tímabundið í tólf mánuði ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 3. maí 2021.

**Bergþóra Ingólfssdóttir** héraðsdómari.

( 2021009566

Útgáfud.: 30. apríl 2021

### Auglýsing um vísitölu neysluverðs til verðtryggingar

kt. 660713-0260,  
Nesbrú 1, Eyrarbakka

**Lýstar kröfur:** kr. 18.655.635.

Selfossi, 17. maí 2021.

**Aníta Rögnvaldsdóttir hdl.**

( 2021010382

---

Útgáfud.: 19. maí 2021

### Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 28. nóvember 2018 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 14. maí 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

**Nafn bús:** Arim Holding ehf.,  
kt. 550110-1990,  
Laugavegi 39 D, Reykjavík

**Lýstar kröfur:** Almennar lýstar kröfur kr. 1.649.506.

Reykjavík, 14. maí 2021.

F.h. Björns Ólafs  
Hallgrímssonar hrl.,  
**Hilmar Magnússon hrl.**

( 2021010643

---

Útgáfud.: 20. maí 2021

### Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 17. október 2018 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 12. maí 2021.

Skiptum lauk með úthlutunargerð úr þrotabúinu samkvæmt 160. gr. laga nr. 21/1991. Samkvæmt úthlutunargerð greiddust búskröfur að fjárhæð kr. 1.911.596 að fullu, auk þess sem kr. 11.429.086 greiddust upp í veðkröfur. Þá greiddust kr. 44.144.182 upp í forgangskröfur, eða 49,4749 hundraðshlutar. Ekkert fékkst greitt upp í almennar kröfur og eftirstæðar kröfur.

**Nafn bús:** PT-ferðir ehf. (áður Prime Tours ehf.),  
kt. 531296-2309,  
Desjamýri 1, Mosfellsbæ

**Lýstar kröfur:** kr. 268.382.380

Reykjavík, 12. maí 2021.

F.h. Arnars Þórs Stefánssonar  
lögmanns,  
**Þórhallur Bergmann**  
lögmaður.

( 2021010647

---

Útgáfud.: 20. maí 2021

### Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 3. febrúar 2021 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 12. maí 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

**Nafn bús:** Fagferðir Íslands ehf.,  
kt. 640715-0810,  
Laufríma 16, Reykjavík

**Lýstar kröfur:** kr. 10.991.369

Reykjavík, 16. maí 2021.

**Leó Daðason lögmaður.**

( 2021010655

---

Útgáfud.: 20. maí 2021

### Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 11. febrúar 2021 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 10. maí 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

**Nafn bús:** Frisbiland ehf.,  
kt. 550916-0290,  
Austurkór 17, Kópavogi

**Lýstar kröfur:** kr. 5.730.636

Egilsstöðum, 17. maí 2021.

**Fríða Thoroddsen**  
lögmaður.

( 2021010658

---

Útgáfud.: 20. maí 2021

### Skiptalok



Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 17. febrúar 2021 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 17. maí 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

**Nafn bús:** **Lýstar kröfur:**

Polar Trade ehf.,  
kt. 441012-0550,  
Hraðastaðavegi  
Mosfellsbæ

kr. 3.817.687  
9,

Reykjavík, 17. maí 2021.  
F.h. Auður Ýr Helgadóttur  
skiptastjóra,  
**Gunnlaugur Garðarsson**  
**lögmaður.**

( 2021010660

Útgáfud.: 20. maí 2021

### Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands vestra uppkveðnum 12. febrúar 2021 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 17. maí 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

**Nafn bús:** **Lýstar kröfur:**

Verslunin Toppar ehf.,  
kt. 510308-1230,  
Freyjugötu 38, Sauðárkróki

Blönduósi, 17. maí 2021.  
**Stefán Ólafsson lögmaður.**

( 2021010666

Útgáfud.: 20. maí 2021

### Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 3. febrúar 2021 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 14. maí 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

**Nafn bús:**

Överby ehf.,  
kt. 670212-0250,

**Lýstar kröfur:**

kr. 4.154.102

Reykjavík, 17. maí 2021.

**Þórður Már Jónsson**  
**lögmaður.**

( 2021010667

Útgáfud.: 20. maí 2021

### Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 11. febrúar 2021 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 10. maí 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

**Nafn bús:**

Kisinn ehf.,  
kt. 640215-1270,  
Heimalind 14, Kópavogi

**Lýstar kröfur:**

kr. 6.749.052

Egilsstöðum, 17. maí 2021.

**Fríða Thoroddsen**  
**lögmaður.**

( 2021010674

Útgáfud.: 20. maí 2021

### Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 20. desember 2019 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 26. febrúar 2021.

Skipti voru endurupptekin þar sem í ljós kom eftir skiptalok að þrotabúið hafði átt óverulega fjárhæð á bankabók sem ekki kom fram við skiptin. Skiptum á þrotabúinu er lokið.

**Nafn bús:**

VBR ehf.,  
kt. 410169-3129,

**Lýstar kröfur:**

Reykjavík, 17. maí 2021.

F.h. Evu B. Helgadóttur  
lögmanns,  
**Birna Ketilsdóttir.**

( 2021010675

Útgáfud.: 20. maí 2021

**Skiptalok**

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 24. nóvember 2020 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 16. febrúar 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

**Nafn bús:** **Lýstar kröfur:**

Fannar Levy Benediktsson, kr. 4.238.219  
kt. 080986-2389,  
Garðbraut 102A, Garði

Reykjavík, 17. maí 2021.

**Gunnlaugur Garðarsson**  
**lögmaður.**

( 2021010676

Útgáfud.: 20. maí 2021

**Skiptalok**

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 3. febrúar 2021 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 14. maí 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

**Nafn bús:** **Lýstar kröfur:**

Yuchen International Ltd kr. 8.036.447  
ehf.,  
kt. 630304-2290,  
Bugðulæk 17, Reykjavík

Reykjavík, 17. maí 2021.

**Þórður Már Jónsson**  
**lögmaður.**

( 2021010677

Útgáfud.: 20. maí 2021

**Skiptalok**

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 3. mars 2021 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 18. maí 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að

greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

**Nafn bús:** **Lýstar kröfur:**

Ölfussport ehf.,  
kt. 470109-0250,  
Klébergi 11, Þorlákshöfn

Selfossi, 18. maí 2021.

**Kristrún Elsa Harðardóttir**  
**lögmaður.**

( 2021010680

Útgáfud.: 20. maí 2021

**Skiptalok**

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 3. mars 2021 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 18. maí 2021 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

**Nafn bús:** **Lýstar kröfur:**

Tréholt ehf.,  
kt. 571201-4020,  
Birkigrund 7, Selfossi

Selfossi, 18. maí 2021.

**Kristrún Elsa Harðardóttir**  
**lögmaður.**

( 2021010686

Útgáfud.: 12. maí 2021

**Auglýsing um skipulag - Mosfellsbær**

*Mosfellsbær auglýsir hér með tillögur að breytingum á deiliskipulagi skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Egilsmói 12, byggingarreitur.*

Um er að ræða breytingu á deiliskipulag fyrir lóðina Egilsmóa 12, L-125282. Breytingin felur í sér að skilgreindur er byggingarreitur á lóðinni. Innan nýs byggingarreits er heimilt að stækka núverandi íbúðarhús og hesthús og byggja eitt gestahús. Nýr byggingarreitur er 20 m frá Suðurá.

*Heytjarnarheiði, stök lóð.*

Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir lóðina L-125374. Heimilt verður að byggja frístundahús á landinu í samræmi við gildandi aðalskipulag Mosfellsbæjar. Byggingarheimildir fylgja aðalskipulagi.

Gögn eru einnig aðgengileg á vef Mosfellsbæjar [mos.is/skipulagsauglysing](http://mos.is/skipulagsauglysing) og á Upplýsingatorgi, Þverholti 2, svo þeir sem vilja geta kynnt sér þau og gert athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar, ásamt helstu upplýsingum um sendanda og merktar skipulagsnefnd Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ. Einnig má senda athugasemdir í tölvupósti á [skipulag@mos.is](mailto:skipulag@mos.is).

Athugasemdafrestur er frá 13. maí til og með 30. júní 2021.

**Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar,**  
13. maí 2021.

( 2021009922

Útgáfud.: 14. maí 2021

### **Auglýsing um skipulag - Reykjavíkurborg**

*Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.*

#### *Lækjargata 1.*

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 14. apríl 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 29. apríl 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 1 við Lækjargötu, lóð forsætisráðuneytisins og stjórnarráðshússins, vegna áforma um viðbyggingu við Stjórnarráðshúsið fyrir starfsemi forsætisráðuneytisins. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

*Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.*

#### *Nýlendugata 14.*

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 14. apríl 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 29. apríl 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits 1.131 vegna lóðarinnar nr. 14 við Nýlendugötu. Í breytingunni felst að heimilt verði að hækka þak hússins og að þakhalli verði hærri við Mýrargötu í stað Nýlendugötu. Koma fyrir lyftu í húsinu og að lyftuhús fari út fyrir byggingarreit. Gera þakbyggingu á lágbaki núverandi húss. Setja franskar svalir á norðurhlið húss við Mýrargötu og að svalir á suðurhlið húss megi almennt skaga fram 40 cm út fyrir lóðarmörk, fyrir utan svalir við flóttaleið á 2. hæð sem mega fara 130 cm út fyrir byggingarreit. Handrið á þaksvölum vestan megin skal vera inndregið 150 cm frá lóðarmörkum. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

#### *Laugavegur 20B.*

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 14. apríl 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 29. apríl 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.5, Laugavegs- og Skólavörðustígsreitar, vegna lóðarinnar nr. 20B við Laugaveg. Í breytingunni felst að heimilt verði að gera einnar hæðar viðbyggingu á bakhlið hússins með þaksvölum auk þess að gera inndregna þakhæð, tengibyggingu á millibyggingu milli hornhúss og risshúss, með kvisti til suðurs úr mænispaki sem veitir aðgang að þaksvölum sem verða yfir endahúsinu. Við breytinguna

hækkar nýtingarhlutfall lóðar. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

#### *Jöfursbás 9.*

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 7. apríl 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 29. apríl 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Gufuness, áfanga 1, vegna lóðarinnar nr. 9 við Jöfursbás. Í breytingunni felst að svalir megi ganga 160 cm út fyrir byggingarlínu á götuhlið, fallið verði frá kröfu um aukna salarhæð á jarðhæðum, svalagangar að götum mega vera 50% að heildarlengd byggingarreits, leyfilegt verði að fækka bílastæðum með samkomulagi um deilibíla, stærðarviðmiðum íbúa breytt, aðalinngangur verður úr sameiginlegum miðgarði, heimilt verði að hafa opin stigahús ef brunahönnun leyfir og fallið verður frá kröfu um inndregna efstu hæð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

#### *Gjúkabryggja 4.*

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 28. apríl 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 6. maí 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Bryggjuhverfis vegna lóðarinnar nr. 4 við Gjúkabryggju (reitur D). Í breytingunni felst að heimilt verði að fjölga íbúðum ásamt því að fjölga bílastæðum í kjallara lóðar D, dýpka byggingarreit og lengja byggingarreit 4. hæðar í norðvesturhorni byggingarreits og gera nýjan byggingarreit í inngarði fyrir hjólageymslu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8.20-16.15 frá 14. maí 2021 til og með 30. júní 2021. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is), skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is), eigi síðar en 30. júní 2021. Vinsamlegast notið uppgæfið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Reykjavík, 14. maí 2021.

**Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur.**

( 2021010197

Útgáfud.: 14. maí 2021

### **Auglýsing um skipulag - Múlaþing**

#### *Davíðsstaðir á Fljótsdalshéraði.*

Sveitarstjórn Múlaþings samþykkti á fundi sínum þann 14. apríl sl. að auglýsa breytingu á aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028. Breytingin er auglýst í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur í sér breytingu er varðar landnotkun á Davíðsstöðum. Samhliða er auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Davíðsstæði, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Hægt er að nálgast tillögurnar á heimasíðu Múlaþings, [www.mulathing.is](http://www.mulathing.is) og á skrifstofum sveitarfélagsins að Lyngási 12, Egilsstöðum. Almenningsi er gefinn kostur á að senda inn ábendingar

og/eða athugasemdir til skipulagsfulltrúa Múlapings, Lyngási 12, 700 Egilstöðum eða á netfangið skipulagsfulltrúi@mulathing.is til og með 28. júní 2021.

### Skipulagsfulltrúi Múlapings.

(2021010221)

Útgáfud.: 18. maí 2021

### Auglýsing um skipulag - Árneshreppur

*Breyting á aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025 og deiliskipulag í landi Dranga.*

Sveitarstjórn Árneshrepps samþykkti á fundi sínum þann 23. apríl sl. að auglýsa tillögur að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins og deiliskipulagi í landi Dranga, í samræmi við 31. gr. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Aðalskipulagsbreytingin felst í breytingu á greinargerð vegna fjölgunar frístundalóða á hluta jarðarinnar Drangar. Forsendur áætlaðra breytinga eru þær að svæði sem skilgreint er sem frístundabyggð FS6 í aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025 heimili uppbyggingu allt að 14 frístundahúsa innan tæplega 10 ha svæðis við Drangabæinn sjálfan.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir alls 14 frístundalóðum sem hver um sig er 440 m<sup>2</sup> að stærð.

Skipulagstillögurnar verða til sýnis í húsnæði Kaupfélagsins í Norðurfirði sem og á heimasíðu Árneshrepps: arneshreppur.is.

Auk þess verður breytingartillaga aðalskipulagsins aðgengileg hjá Skipulagssstofnun, frá þriðjudeginum 18. maí 2021.

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er þannig gefinn kostur á að kynna sér tillögurnar og gera athugasemdir við þær. Athugasemdum skal vinsamlegast skilað til skrifstofu Árneshrepps, Norðurfirði, 524 Árneshreppi eða á netfang embættis skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins, skipulag@dalir.is, í síðasta lagi fyrir 29. júní 2021.

**Þórður Már Sigfússon** skipulagsfulltrúi.

(2021010335)

Útgáfud.: 18. maí 2021

### Auglýsing um skipulag - Kópavogsbær

*Glaðheimar vesturhluti. Breytt deiliskipulag.*

Bæjarstjórn Kópavogs hefur samþykkt í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Glaðheima vesturhluta. Skipulagssvæðið sem er um 8.6 ha að stærð afmarkast af Reykjanesbraut til vesturs, Bæjarlind til norðurs, Álalind 1, 2, 3 og 5 til austurs auk athafnasvæðis við Akra- og Askalind og Arnarnesvegi til suðurs. Skipulagssvæðið er óbyggt og í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir um

88.000 m<sup>2</sup> í atvinnuhúsnæði (verslun- þjónustu og athafnahúsnæði án kjallara og bílageymslna).

Í breytingunni felst að landnýtingu á austari hluta skipulagssvæðisins og miðju þess er breytt og í stað atvinnuhúsnæðis á 5-8 hæðum rísa 9 fjölbýlishús sem verða á 3-12 hæðum með um 468 íbúðum. Auk þess er gert ráð fyrir leikskóla og opnu svæði (bæjargarði). Á norðurhluta skipulagssvæðisins nánar tiltekið við húsaötu A nr. 2-3 er fallið frá verslunar- og þjónustuhúsnæði á þremur efstu hæðum hússins og þess í stað komið fyrir 32 íbúðum. Heildarfjöldi íbúða á svæðinu öllu verður að hámarki 500 íbúðir. Suðvestan fyrirhugaðs Glaðheimavegar (á suðurhluta svæðisins) er gert ráð fyrir 7 lóðum fyrir verslunar- og þjónustuhúsnæði á 2 til 4 hæðum. Turnbygging í norðvesturhluta svæðisins lækkar úr 32 hæðum í 15 hæðir. Byggingarreitir, lóðir og lóðastærðir verslunar- þjónustu og athafnahúsa breytast sem og aðkoma og fjöldi bílastæða. Auk þess er gert ráð fyrir að lega tengibrautar um svæðið í framhaldi af Glaðheimavegi að Arnarnesvegi breytist. Heildarstærð atvinnuhúsnæðis með kjallara og bílageymslum er áætluð um 50.000 m<sup>2</sup> en um 36.000 m<sup>2</sup> án bílageymslna og heildarstærð íbúðarhúsnæðis með kjallara og bílageymslum er áætluð um 89.000 m<sup>2</sup>. Stærð leikskóla er um 1.500 m<sup>2</sup>. Heildar byggingarmagn á deiliskipulagssvæðinu er áætlað um 135.000 m<sup>2</sup> þar af um 106.000 m<sup>2</sup> án bílageymslna. Svæðisnýtingarhlutfall deiliskipulagssvæðisins miðað við heildarbyggingarmagn er áætlað um 1.57 og 1.22 án bílajakjallara neðanjarðar. Gert er ráð fyrir einu stæði á hverja 75 m<sup>2</sup> í verslun og þjónustu og einu stæði á hverja 100 m<sup>2</sup> í atvinnuhúsnæði, geymslu - og kjallarárými. Reikna skal með 1,2 stæðum á hverja íbúð með gestastæðum. Miðað við 2,5 íbúa á íbúð er áætlað að á svæðinu verði um 1.250 íbúar.

Uppdrættir í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð, skýringarmyndum, skipulagsskilmálum og skýringarhefti B dags. 19. apríl 2021. Með tillögunni fylgir minnisblað verkfræðistofunnar Mannvits um forsendur fyrir bílaumferð dags. 15. apríl 2021, umhverfismat og hljóðskýrsla dags. 19. apríl 2021 og skýrsla um áhrif nýs deiliskipulags Glaðheima á Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna dags. 29. 3 2021 og áhættumat vegna loftslagsbreytinga dags. 30. mars 2021 frá verkfræðistofunni Mannviti. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Ofangreind tillaga að breyttu deiliskipulagi Glaðheima vesturhluta er aðgengileg á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Ef óskað er eftir nánari upplýsingum um tillöguna er hægt að senda fyrirspurn á starfsfólk skipulagsdeildar á netfangið skipulag@kopavogur.is.

Miðvikudaginn 26. maí 2021 milli kl. 17 og 18 verður starfsfólk skipulagsdeildar með opið hús að Digranesvegi 1 þar sem tillagan verður sérstaklega kynnt þeim sem þess óska. Vegna sóttvarnarreglna eru áhugasamir beðnir að skrá komu sína með tölvupósti á netfangið skipulag@kopavogur.is fyrir 25. maí nk. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skriflega til skipulagsdeildar, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á netfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 13.00 föstudaginn 2. júlí 2021.



**Skipulagsfulltrúinn í Kópavogi.**

( 2021010336

Útgáfud.: 19. maí 2021

**Auglýsing um skipulag - Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur**Aðalskipulagsmál.

*Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana:*

**1. Eyvindartunga L167632, stækkun Lönguhlíðarnámu E19 – Aðalskipulagsbreyting.**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 29. mars 2021 að kynna lýsingu skipulagsbreytingar vegna mögulegrar stækkunar Lönguhlíðarnámu. Í breytingunni felst að náman, skilgreind E19 á aðalskipulagi, stækkar úr 2 ha í 4,95 ha og efnismagn úr 50.000 m<sup>3</sup> í 149.500 m<sup>3</sup>.

**2. Þórisstaðir land L220557. Landbúnaðarsvæði breytt í verslunar- og þjónustusvæði - Aðalskipulagsbreyting.**

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. maí 2021 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Þórisstaða lands L220557. Í breytingunni felst breytt landnotkun landbúnaðarsvæðis í verslunar- og þjónustusvæði innan landeignarinnar. Innan svæðisins er ætlunin að rísi þyrping gistihúsa með tilheyrandi þjónustumannvirkjum.

*Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana:*

**3. Skálpanesvegur - Tvær námur - Aðalskipulagsbreyting.**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 20. apríl 2021 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar vegna skilgreiningu tveggja efnistökusvæða við Skálpanesveg. Í breytingunni felst að skilgreind eru tvö ný svæði, E129 við Skálpanes þar sem gert er ráð fyrir allt að 20.000 m<sup>3</sup> efnistöku á um 1 ha svæði og E130 við Geldingafell þar sem gert er ráð fyrir allt að 5000 m<sup>3</sup> efnistöku á um 0,5 ha svæði.

**4. Reiðleið með Skeiða- og Hrunamannavegi - Aðalskipulagsbreyting.**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 20. apríl að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til skilgreininga á reiðleiðum. Í breytingunni felst að sett verður inn reiðleið meðfram hluta Skeiða- og Hrunamannavegar og reiðleið sem fyrir er í aðalskipulagi færast vestur fyrir veg.

Deiliskipulagsmál.

*Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:*

**5. Brautarholt - Færsla Vallarbrautar og þétting byggðar - Deiliskipulagsbreyting.**

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. apríl 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar að Brautarholti. Í breytingunni felst færsla á Vallarbraut til austurs og þétting byggðar.

**6. Tjörn land L210675 (Hryggholt), lögbýli - Deiliskipulag.**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 6. maí 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulags sem tekur til lands Tjarnar, L210675. Í deiliskipulaginu felst skilgreining byggingarheimilda og notkunar innan landsins. Gert verði ráð fyrir að á svæðinu verði byggð upp bæjartorfa með minniháttar búrekstri s.s. hrossarékt og ylækt. Auk þess verði gert ráð fyrir ferðapjónustu og skógrækt. Gert er ráð fyrir því að landeignin fái staðfangið Hryggholt.

**7. Fæla L218840, lögbýli - Deiliskipulag.**

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. maí 2021 að auglýsa tillögu deiliskipulags sem tekur til lands Fælu, L218840. Í deiliskipulaginu felst skilgreining framkvæmdaheimilda innan landsins fyrir íbúðarhúsi með bílskúr, tveimur minni húsum að 60 fm auk fjölnotahúss til atvinnurekstur og gripahús.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni <http://www.utu.is>. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: <https://www.blaskogabyggd.is/>, <https://www.gogg.is/>, <https://www.fludir.is/> og <https://www.skeidgnup.is/>.

Skipulagstillögur og lýsingar mál nr. 1 og 2 eru í kynningu frá 19. maí 2021 til og með 9. júní 2021 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 9. júní 2021. Aðalskipulagsbreytingar í liðum 3 og 4 eru auglýstar með athugasemdafresti frá 19. maí 2021 til og með 2. júlí 2021. Deiliskipulagstillögur í liðum 5, 6 og 7 eru auglýstar með athugasemdafresti frá 19. maí 2021 til og með 2. júlí 2021.

Athugasemdir og ábendingar við auglýst skipulagsmál skulu berast eigi síðar en 2. júlí 2021.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið [vigfus@utu.is](mailto:vigfus@utu.is).

**Vigfús Þór Hróbjartsson**  
skipulagsfulltrúi UTU.

( 2021010359

Útgáfud.: 19. maí 2021

**Auglýsing um skipulag - Stykkishólmsbær**

*Auglýsing um tillögu að deiliskipulagi á reit austan við Aðalgötu í miðbæ Stykkishólms.*

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar samþykkti á fundi þann 12. maí 2021 að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Reiturinn er um 1,7 ha að stærð og er skilgreindur sem íbúðasvæði, miðsvæði og athafnasvæði í aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 m.s.br.

Svæðið afmarkast af Víkurgötu og Aðalgötu til vesturs, Austurgötu til norðurs og lóðarmörk húsa sem standa við Skúlagötu til austurs. Markmið skipulagstillögunnar er að skilgreina nýjar lóðir og byggingarreiti sem styrkja gömlu byggðina og þá fállegu bæjarmynd sem fyrir er í Stykkishólmi.

Enn fremur er gerð tillaga að breytingu á deiliskipulagi Stykkishólmur miðbær samþykkt 28.08 2003 m.s.br., þar sem að deiliskipulagsmörk færast til við Aðalgötu og hluti þess fellur úr gildi og verður innan deiliskipulagsmarka nýju tillögunnar.

Deiliskipulagstillagan ásamt greinargerð og breytingin á deiliskipulagi Stykkishólmur miðbær verður aðgengileg á vef Stykkishólmsbæjar [www.stykkisholmur.is](http://www.stykkisholmur.is) og á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hafnargötu 3, á opnunartíma klukkan 10 - 15, frá 19. maí til og með 30. maí 2021.

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna.

Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið [skipulag@stykkisholmur.is](mailto:skipulag@stykkisholmur.is), eigi síðar en 30. júní 2021.

**Skipulagsfulltrúi Stykkishólmsbæjar.**

( 2021010360

Útgáfud.: 19. maí 2021

## Auglýsing um skipulag - Borgarbyggð

*Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér með auglýstar tillögur að nýju deiliskipulagi í Borgarbyggð.*

*Deiliskipulag fyrir byggingarlóð í landi Stóra-Áss.*

Á fundi sveitarstjórnar þann 12. maí 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir byggingarlóð í landi Stóra-Áss í Borgarbyggð. Deiliskipulagið tekur til tveggja lóða innan 5 ha svæðis í landi Stóra-Áss. Á annarri lóðinni er heimilt að byggja íbúðarhús og hin lóðin er ætluð fyrir fjölnotahús / smiðju og hesthús. Heildar byggingarmagn er allt að 650 m<sup>2</sup>. Aðkoma að lóðum verður af Hálsasveitarvegi (518).

*Deiliskipulag Bjarnastaðir.*

Á fundi sveitarstjórnar þann 12. maí 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi á Bjarnastöðum í Borgarbyggð. Deiliskipulagið tekur til bæjarstaðis jarðarinnar Bjarnastaðir. Skipulagssvæðið er 5,5 ha að stærð og innan þess eru skilgreindar þrjár íbúðarhúsalóðir ásamt landbúnaðarbyggingum. Aðkoma að lóðum er af Hvítársíðuvegi (523-02).

Ofangreindar deiliskipulagstillögur eru aðgengilegar á heimasíðu Borgarbyggðar [www.borgarbyggd.is](http://www.borgarbyggd.is) frá 19. maí til og með 2. júlí 2021. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna

að gæta hvattir til að kynna sér tillögunar. Ábendingum og athugasemdum við tillögunar skal skilað skriflega í Ráðhús Borgarbyggðar, Bjarnabraut 8, 310 Borgarnesi, b.t. skipulagsfulltrúa eða á netfangið [skipulagsfulltrui@borgarbyggd.is](mailto:skipulagsfulltrui@borgarbyggd.is).

Borgarbyggð, 19. maí 2021.

**Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar.**

( 2021010361

Útgáfud.: 19. maí 2021

## Auglýsing um skipulag - Rangárþing ytra

*Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt lýsing að breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016/2028.*

*Stækkun íþróttasvæðis á Hellu, breyting á landnotkun í aðalskipulagi.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 15. apríl 2021 að gera þyrfti nauðsynlegar breytingar á landnotkun í aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem núverandi opið svæði norðan við grunnskólann og núverandi knattspyrnuvöll á Hellu, merkt OP2 á uppdrætti og í greinargerð aðalskipulagsins, verði gert að íþróttasvæði. Um er að ræða u.þ.b. 10 ha svæði.

Lýsingin liggur frammi hjá Skipulagsfulltrúa, Suðurlandsvegi 1-3, Hellu og á heimasíðu Rangárþings ytra, [www.ry.is](http://www.ry.is).

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við lýsingu og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 23. júní nk.

*Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum.*

*Bjallasel, Bjalladalur og Sveitin, Rangárþingi ytra, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 12. maí 2021 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir 3 lóðir úr landi Efra-Sels, Bjallasel, Bjalladal og Sveitina, Rangárþingi ytra. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingareitum innan hvernar lóðar þar sem heimilt verði að reisa allt að 150 m<sup>2</sup> íbúðarhús, 200 m<sup>2</sup> skemmu, gróðurhús, útihús innan hvers byggingarreits auk 80 m<sup>2</sup> gestahúss. Aðkoma að svæðinu er frá Bjallavegi (272) um sameiginlegan aðkomuveg innan svæðis.

*Næfurholt, Rangárþingi ytra, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 12. maí 2021 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir lóðir úr landi Næfurholts, Rangárþingi ytra. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir lóð undir íbúðarhús og bílskúr sem fengi heitið Næfurholt 2 ásamt lóð undir skemmu. Sú lóð fengi heitið Lambhústún. Aðkoma er af Þingskálavegi (268) um núverandi aðkomuveg (2759).

*Minni-Vellir 5 Rangárþingi ytra, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti á fundi sínum 12.

maí 2021 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðarlóð úr landi Minni Valla, Minni-Vellir 5, Rangárþingi ytra. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingu allt að 300 m<sup>2</sup> íbúðarhúss og 600 m<sup>2</sup> skemmu með mögulegu hesthúsi að hluta ásamt gestahúsi og útihúsum. Aðkoman er frá Landvegi (26).

Tillögurnar liggja frammi hjá Skipulagsfulltrúa, Suðurlandsvegi 3, Hellu og á heimasíðu Rangárþings ytra, [www.ry.is](http://www.ry.is).

Frestur til að skila inn athugasemdum er til 7. júlí 2021.

Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til Skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra í síma 488-7000 eða með tölvupósti [birgir@ry.is](mailto:birgir@ry.is).

**Haraldur Birgir Haraldsson**  
skipulagsfulltrúi Rangárþings ytra.

( 2021010383

Útgáfud.: 20. maí 2021

### Auglýsing um skipulag - Skaftárhreppur

*Samkvæmt 1.mgr. 31.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2012-2022.*

*Virkjun í Hverfisfljóti við Hnútu - Aðalskipulagsbreyting.*  
Breytingin á aðalskipulaginu felur í sér að Hnútuvirkjun er breytt þannig að í stað 40 MW virkjunar verður gert ráð fyrir 9,3 MW virkjun. Iðnaðarsvæðinu er hníkað til, legu aðrennslis- og veituganga er breytt í samræmi við umhverfismat og grunnhönnun.

Samhliða eru auglýstar athugasemdir Skipulagsstofnunar frá 28.apríl 2021.

*Samkvæmt 1.mgr. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi í Skaftárhreppi.*

*Virkjun í Hverfisfljóti við Hnútu - Deiliskipulagstillaga.*  
Um er að ræða nýtt deiliskipulag. Deiliskipulagið tekur til allra mannvirkja virkjunarinnar, bygginga, vega og annarra framkvæmda. Þá tekur deiliskipulagið til efnisnáma og efnislosunarsvæða, auk veltenginga að þessum svæðum. Markmið deiliskipulagsins er að sýna fyrirhugaðar byggingar auk stíflumannvirkja og lóns. Stærð deiliskipulagssvæðisins er 84,2 ha.

Samhliða eru auglýstar athugasemdir Skipulagsstofnunar frá 28. apríl 2021.

Tillögurnar liggja frammi á skrifstofu Skaftárhrepps, frá og með fimmtudeginum 20. maí til og með 1. júlí 2021. Tillögurnar eru einnig til sýnis á heimasíðu Skaftárhrepps, [www.klaustur.is](http://www.klaustur.is).

Skila skal skriflegum athugasemdum á netfangið [bygg@klaustur.is](mailto:bygg@klaustur.is) eða beint á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri.

### Skipulagsfulltrúi Skaftárhrepps.

( 2021010644

Útgáfud.: 17. maí 2021

### Stefna - til ógildingar á veðskuldabréfi

**Dómskjóti Héraðsdóms Reykjaness,**  
**Kristinn Halldórsson,**

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Guðmundur Njáll Guðmundsson lögmaður, Skeifunni 19, Reykjavík, að hann þurfi f. h. Mána Borgarssonar, kt. 260896-3509, Unnarstíg 3, Hafnarfirði, að höfða mál til ógildingar á neðangreindu veðskuldabréfi.

*Dómkröfur:* Stefnandi krefst þess að ógilt verði með dómi veðskuldabréf nr. 595, útgefið 24. október 2018 af Mána Borgarssyni, kt. 260896-3509, til Svans Þorsteinssonar, kt. 261163-5199 og þinglýst á fasteignina Unnarstíg 3, Hafnarfjarðarkaupstað, fnr. F2080313, með þinglýsingarnúmerinu 441-B-000595/2019, móttekið til þinglýsingar af sýslumanni 16. janúar 2019, upphaflega að fjárhæð kr. 10.000.000.

*Málflutningsumboð:* Guðmundur Njáll Guðmundsson lögmaður, Skeifunni 19, 108 Reykjavík, rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

*Málsástæður og önnur atvik máls:* Stefnandi kveður málsatvik vera þau veðskuldabréf nr. 595 að upphaflegri fjárhæð kr. 10.000.000, var útgefið 24. október af stefnanda Mána Borgarsyni, kt. 260896-3509, til Svans Þorsteinssonar, kt. 261163-5199, móttekið til þinglýsingar 16. janúar 2019, sem greiða átti til baka með einum gjalddaga, þ.e. 5. október 2019, og bera 6,5% vexti en óverðtryggt, tryggt með 2. veðrétti í fasteigninni Unnarstíg 3, 220 Hafnarfirði. Stefnandi kveður frumrit veðskuldabréfsins hafa glatast en bréfið sé engu að síður að fullu uppgreitt.

Stefnandi kveður veðskuldabréfið hafa glatast og ekki fundist þrátt fyrir mikla eftirgrennslan. Þá sé veðskuldabréfið að fullu uppgreitt af stefnanda. Þar sem ekki sé mögulegt að fá veðskuldabréfið leyst úr veðböndum þeirrar fasteignar sem það hvílir á, sem er að 60% hluta í eigu stefnanda, án frumrits þess sé stefnanda nauðsynlegt að fá bréfið ógilt með dómi svo hægt sé að aflýsa því. Enda er að öðrum kosti ómögulegt að aflétta veðinu af fyrrgreindri fasteign.

*Um lagarök:* Um lagarök vísar stefnandi til 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og um stefnufrest til 3. mgr. 91. gr. laganna.

*Sönnuargögn:* Við þingfestingu málsins hyggst stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Staðfest ljósrit af veðskuldabréfinu, undirr., dags. 24. október 2018.
4. Veðbandayfirlit fasteignarinnar Unnarstígs 3, 220 Hafnarfirði, fnr. 2080313, dags. 27. apríl 2021.



5. Auglýsingu úr því Lögbirtingablaði er stefnan birtist í.  
6. Yfirlýsing kröfuhafa Svans Þorsteinssonar, kt. 261163-5199, um að veðskuldabréfið sé að fullu uppgreitt.

*Áskorun og fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með Svani Þorsteinssyni, kt. 261163-5199, Víðíási 5, Garðabæ, eða hverjum þeim, sem kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum vegna hugsanlegs framsals þess eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta á dómþing Héraðsdóms Reykjaness sem háð verður á þingstað að Fjarðargötu 9, 220 Hafnarfirði, miðvikudaginn 23. júní 2021, kl. 9.00, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til bréfsins. Að öðrum kosti má búast við að útivistardómur gangi í málinu og að kröfur stefnanda verði teknar til greina.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 7. maí 2021.

**Kristinn Halldórsson.**

( 2021010324

Útgáfud.: 17. maí 2021

## Stefna - til greiðslu skuldar

*Aðilar málsins eru:*

*Stefnandi:* Vátryggingafélag Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík.

*Stefndi:* Pétur Björgvinsson, kt. 120298-2409, með „ótilgreint“ heimilisfang.

*Málflutningsumboð:* Undirritaður, Bjarni Þór Óskarsson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 186.644, ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af kr. 62.071 frá 10. ágúst 2018 til 1. febrúar 2019, af kr. 186.644 frá 1. febrúar 2019 til greiðsludags. Kröfunúmer 4153-000370.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt meðfylgjandi málskostnaðarreikningi, meðal annars vegna útlagðs kostnaðar og að teknu tilliti til virðisaukaskattskyldu lögmanna, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili.

*Málsatvik og málsástæður:* Stefnandi er vátryggingafélag sem hefur með höndum ýmsa starfsemi tengda tryggingarþjónustu. Krafa stefnanda er tilkomin vegna kaupa stefnda á tryggingum hjá stefnanda skv. framlögðu yfirliti og sundurliðast þannig:

| Nr. | Útgáfudagur | Gjalddagi  | Fjárhæð kr. |
|-----|-------------|------------|-------------|
| 1   | 10.08.2018  | 10.08.2018 | 62.071      |
| 2   | 01.02.2019  | 01.02.2019 | 124.573     |

Samtals nema framangreindar fjárhæðir kr. 186.644 sem er stefnufjárhæðin í máli þessu auk dráttarvaxta og kostnaðar. Umsaminn gjalddagi í viðskiptum stefnda við stefnanda er sá

dagur sem fram kemur hér að ofan og er stefnufjárhæð og dráttarvextir miðaðir við það tímamark.

Stefndi er skv. upplýsingum þjóðskrár skráður með „ótilgreint“ heimilisfang og þrátt fyrir mikla eftirgrennsan hefur ekki tekist að hafa upp á dvalarstað stefnda. Á stefnandi því ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

*Lagatílvísanir:* Stefnandi byggir kröfur sínar á reglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 42. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði skv. heimild í 89. gr. laga nr. 91/1991.

*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum: Yfirlit, innheimtuviðvörðun, innheimtubréf lögmans stefnanda, tryggingarskilmála, útprentun úr Þjóðskrá og málskostnaðarreikning. Áskilnaður er gerður um framlagningu frekari gagna gefi málatilbúnaður stefnda tilefni til.

*Áskorun og viðvörðun:* Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, þann 24. júní 2021, kl. 10.00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 14. apríl 2021.

F. h. Bjarna Þórs Óskarssonar hrl.,

**Hafsteinn Viðar Hafsteinsson hdl.**

( 2021010330

Lögbirtingablað,

17. tölublað 2021.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi,

**Kristín Þórðardóttir.**